

Loðnuvinnslan hf.
Magnús Ásgrímsson
Skólavegi 59
750 Fáskrúðsfjörður


Reykjavík, 30. desember 2019
UST201901-308/G.F.
08.10.02

Varðar reglubundið eftirlit 2019 – fiskimjölsverksmiðja Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfjörður


Þann 24. október sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar hf. á Fáskrúðsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði

UMHVERFISSTOFNUN


Dags eftirlits	24.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Eftirlitsmaður	Hákon Hansson
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	581201-2650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrímsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitsferðinni komu ekki fram frávik frá þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi. Starfsleyfi fyrir verksmiðjuna gildir til september 2030.

Vinnsla í verksmiðjunni er hefðbundin bræðsla á uppsjávarfiski og einnig á fiskúrgangi.

Veruleg aukning hefur orðið á móttöku hráefnis í vinnslu undanfarin ár.

Umhverfi verksmiðjunnar er snyrtilegt. Umgengni bæði utan húss og innan er góð.

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar er ný og staðfest af Umhverfisstofnun.

Frá síðasta eftirliti í nóvember 2018 hefur ekki orðið neitt mengunaróhapp, en áður voru mengunaróhöpp of tíð hjá verksmiðjunni.

Grænu bókhaldi hefur verið skilað og sömuleiðis mengunarmælingum sem gerðar voru í samræmi við starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Reglubundið eftirlit var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Hákon Hansson.

Eftirlit hófst með því að fundað var Magnúsi Ásgrímssyni verksmiðjustjóra og farið sameiginlega yfir starfsleyfi fyrirtækisins og eftirlitsskýrslu síðasta árs. Síðan var verksmiðjan og umhverfi hennar skoðað í fylgd verksmiðjustjóra.

Eftir að nýtt fullkomið hreinsivirki var tekið í notkun hefur lítil fita borist í fitugildru og því engin mengun borist í sjó.


Fram kom á fundi að gerðar eru mælingar á hraða útblásturslofts frá skorsteini og mæling á losunarmörkum frá frárennsli eru gerðar í samræmi við starfsleyfi. Niðurstöður eru sendar til Umhverfisstofnunar að sögn verksmiðjustjóra. Verkfraðistofan Efla annast mælingar.

TVN er alltaf mælt og skráð reglugæld og sent til Umhverfisstofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.12.2019


Gottskálk Friðgeirsson